

Skeljungur hf.  
Bergsteinn Hjörleifsson  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2020  
UST201901-243/Á.M.  
08.06.02

**Eftirlit 2019 - Reglubundið eftirlit 9. 12. 2019, hjá Skeljungi Grindavík.**

Þann 9. desember sl. fór fram eftirlit í Skeljung, Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst



Ásta Maack  
Sérfræðingur



Halla Einarsdóttir  
Teymisstjóri

**Afrít:** Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Grindavík

U  
UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Ásta Maack
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fullrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fullrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	Staðsetning	331175,074 375060,032

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirlitinu en tvær ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Fundarboð um eftirlit í Skeljung Grindavík var eftirfarandi:

1. Mælingar og skráningar
2. Ástand olíuskilja og lagna
3. Athugasemdir úr fyri skýrslum

1. Í eftirliti í Grindavík voru mælingar og skráningar, sem krafist er um í starfsleyfi og rekstrarhandbók, athugaðar. Skráningarblöð voru til staðar í dæluhúsi og þær mælingar sem krafist er um hafa allar verið framkvæmdar og skráðar á árinu. Starfstöðin er ómönnuð og bílstjórar sjá um skráningar í rekstrarhandbók. Rekstraraðili er hvattur til þess að prenta út eintök af starfsleyfi, flæðiriti og viðbragðsáætlun og staðsetja í stöðvarhúsi þrátt fyrir að skjölín séu aðgengileg á rafrænu formi.

2. Í eftirliti var mæling á olíuleifum í frárennsli olíuskilju framkvæmdar með Macherey Nagel prófi. Olía greindist ekki á prófinu. Afgreiðslulagnir voru þrýstiprófaðar fyrr á árinu og standast kröfur Umhverfisstofnunar. Hvorki úrgangsolía né bensín er geymt á stöðinni.

3. Samkvæmt lokaskýrslu úr eftirliti 2018 þurfti að yfirfara girðingu og festa betur á staura. Í eftirliti í ár var búið að gera við girðinguna og lítur starfstöðin snyrtilega út.


## ÁBENDINGAR

Resktraraðili er hvattur til þess að geyma útprentuð eintök af starfsleyfi, flæðiriti, viðbragðsáætlun og afstöðumynd í stöðinni, þrátt fyrir að skjölín séu aðgengileg á rafrænu formi.

Bílstjórar sem sjá um skráningar á stöðinni hafa ADR réttindi sem gerir þá hæfa til þess að flytja olíu og hættuleg efni. Samkvæmt grein 2.3 í starfsleyfi stöðvarinnir skulu "starfsmenn og þjónustuaðilar, t.d. bílstjórar [...] vera þjálfaðir til þess að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað". Rekstraraðili er því hvattur til þess að skrá bílstjóra á námskeið þegar tækifæri gefst er varðar mengunaróhöpp.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,  
06.01.2020  
  
Asta Maack